



Kvennaathvarfið á Norðurlandi

nordurland@kvennaathvarf.is

s:561-1206

Akureyri, 12.október 2020.

Kæri viðtakandi.

Það er með mikilli gleði sem ég kynni fyrir þér starfsemi Kvennaathvarfsins á Norðurlandi sem tók til starfa í 28. ágúst síðastliðinn.

Kvennaathvarfið á Norðurlandi er samvinnuverkefni Samtaka um kvennaathvarf og Bjarmahlíðar og er rekið með góðum stuðningi ýmissa aðila, meðal annars sveitarfélögum á Norðurlandi eystra. Um er að ræða tilraunaverkefni til vors en það er von von okkar sem stöndum að verkefninu að athvarfið sé komið til að vera.

Kvennaathvarfið á Norðurlandi byggir á fyrirmund Kvennaathvarfsins sem rekið hefur verið í Reykjavík í nærri fjóra áratugi en hefur jafnframt sína sérstöðu sem byggir ekki minnst á því að vera smærra athvarf í fámennara en býsna viðfermu svæði. Frá opnum athvarfsins í lok ágúst hafa átta íbúar, konur og börn, dvalið þar um lengri eða skemmri tíma.

Athvarfið er rekið í fjögurra herbergja íbúð á Akureyri. Því miður er ekki hjólastólaaðgengið í húsinu en við höfum gert samning við hótel um leigu á aðgengilegum herbergjum þar sem konur með hreyfihömlun geta dvalið og notið þeirrar þjónustu sem athvarfið býður upp á.

Kvennaathvarfið á Norðurlandi er athvarf fyrir konur og börn þeirra sem þurfa að flýja heimili sín vegna ofbeldis. Birtingarmyndir ofbeldisins geta verið margs konar og aðstæður kvenna með ýmsu móti.

Þjónusta athvarfsins er einstaklingsmiðuð og er lögð áhersla á að mæta þörfum hverrar konu og veita henni og börnum hennar þá aðstoð sem hún þarf á að halda hvort sem það er félagsleg ráðgjöf, andlegur stuðningur eða hvers konar aðstoð við að taka næstu skref. Að auki stendur konum til boða þjónusta Bjarmahlíðar og Aflsins og geta hitt ráðgjafa á þeirra vegum, lögfræðing og lögreglu. Jafnframt leggjum við áherslu á góða samvinnu við fagfólk á þeim stað sem konan býr á eða hyggst búa á, allt eftir því hver verða hennar næstu skref.

Við vitum að það getur verið stórt skref fyrir konur að leita í kvennaathvarf og að oft eru konur sem búa við ofbeldi hikandi við að taka það skref. Konum í þeirri stöðu bjóðum við upp á viðtöl, á staðum eða sem fjarviðtöl, þar sem þær geta orðað efasemdir sínar og fengið upplýsingar um athvarfið.



Kvennaathvarfið á Norðurlandi

nordurland@kvennaathvarf.is

s:561-1206

Kvennaathvarfið á Norðurlandi er opið allan sólarhringinn og öll þjónusta er notendum að kostnaðarlausu.

Það er ósk okkar að þið aðstoðið okkur við að kynna starfsemin. Meðfylgjandi eru bæklingar til frekari kynningar á starfseminni og sjálfsagt að senda fleiri ef óskað er eftir því. Einnig er hægt að óska eftir fræðslu um kvennaathvarfið fyrir starfsfólk, hvort sem er með kynningu á staðnum eða í fjarfundi.

Vinsamlegast hafið samband við undirritaða fyrir frekari upplýsingar um starfsemina, ráðgjöf eða dvöl kvenna.

Með von um gott samstarf.

Virðingarfyllst,

f.h. Kvennaathvarfsins á Norðurlandi



Signý Valdimarsdóttir, verkefnastýra